

Framanskráðar reglur staðfestast hér með.

143

9. okt.

*Menntamálaráðuneytið, 9. október 1961.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Knútur Hallsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sveinbjörns Finnssonar, stýrimanns, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. október 1961.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

144

10. okt.

fyrir Minningarsjóð Sveinbjörns Finnssonar, stýrimanns.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sveinbjörns Finnssonar, stýrimanns. Sjóðurinn er stofnaður 1. júní 1961 af bekkjarsystkinum Sveinbjarnar, sem brautskráðust úr Miðskólanum í Stykkishólmi vorið 1951.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur 2700.00.

### 3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Stykkishólms. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en auka má hann með gjöfum.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita árlega verðlaun þeim nemanda, sem hæsta einkunn hlýtur í móðurmáli á miðskólaprófi. Verðlaunin skulu vera bók. Í þessum tilgangi má verja allt að  $\frac{3}{4}$  af ársvöxtum sjóðsins, en  $\frac{1}{4}$  af ársvöxtum hans, ásamt öðrum væntanlegum tekjum skal leggjast við höfuðstólinn.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skólastjóri miðskólans, formaður skólanefndar og sóknarpresturinn í Stykkishólmi. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir ár hvert af endurskoðendum Stykkishólmsþrepps.

### 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.